

## ***Bekkjartenglafundur***

### **2. okt kl. 20:00**

Formaður stjórn foreldrafélags (Valerie Maier) fór yfir helstu störf foreldrafélagsins og hvað fellst í því að vera bekkjartengill.

Bekkjartenglar „halda utan um“ bekkinn, sjá um að skipuleggja 1-2 viðburði á önn þar sem allur bekkurinn kemur saman, ásamt foreldrum og allir skemmta sér saman. Þessir viðburðir þurfa alls ekki að vera flóknir eða krefjast mikillar skipulagningar.

Eins koma bekkjartenglar að því að koma vinahópum á, en vinahópar hafa reynst sérstaklega vel í því skyni að mynda samstöðu í bekknum, bæði meðal barnanna og foreldra. Vinahópar eru skipulagðir í samráði við kennara.

Annað verkefni bekkjartengla er að aðstoða stjórn við að manna foreldrarölt og grípa inn til aðstoðar við stærstu viðburði foreldrafélagsins svo sem Jólaföndur og Vorhátíð.

Að lokum var farið yfir hugmyndina að kaffihúsakvöldi en margir bekkir hafa haldið kaffihúsakvöld undanfarin ár með góðum árangri og óskandi að sem flestir nýttu sér þessa hugmynd til að ýta undir samræður og samtarf foreldra. Foreldrafélagið styrkir slík kvöld um 5.000 krónur sé óskað eftir því.

Þá skiptust bekkjartenglar í hópa eftir árgöngum og starf vetursins var skipulagt.

Eftirfarandi eru hugmyndir bekkjartengla fyrir hvern árgang.

#### **1. Bekkur :**

##### J-bekkur

- Spilakvöld (búið er að panta Spilavini)
- Vasaljósaganga á Hvaleyrarvatn
- Sækja saman jólatré
- Vinahópar

##### L- bekkur

- Vasaljósaganga í kring um Ástjörn
- Piparkökuskreytignakvöld og spil, Spilavinir
- Vinahópar

##### K-bekkur

- Vasaljósiferð
- Spilavinir
- Vinahópar

## 2. Bekkur:

- Sameiginleg ferð með vasaljós í kring um Hvaleyrarvatn og grill party

### J - bekkur

- Bingó
- Jólakvöld
- Vinahópar

### K- bekkur

- Spilakvöld
- Jólaborp
- Vinahópar

## 3. Bekkur:

- Sameiginleg 3. Bekkjar vasaljósaganga um Hvaleyrarvatn

### K - bekkur

- Bingó í október
- Foreldrakaffihús í nóvember
- Aðventuheimsókn í skógræktina og jólatré sótt.

### L - bekkur

- Kaffihúsakvöld með krökkunum
- Páskabingó
- Ratleikur
- Sundferð
- Vinahópar

## 4. Bekkur:

- Bingó
- Spilavinir og kaffihúsakvöld
- Ratleikur m. Vasaljósum í Hellisgerði (endurskinmerki notuð til að auðkenna stöðvar í ratleiknum)
- Sleðaferð
- Leikjaferð uppá Hvaleyrarvatn.

## 5. Bekkur

- Búið er að panta Spilavini
- Bingó
- Kaffihúsakvöld

## 6. Bekkur:

- Sameiginlegir útileikir í vor

### J - bekkur

- Spilavinir í nóvember
- Leikhúsförð
- Sundferð og út að renna (lítill fyrirvari / spontant – fer eftir veðri)

### K - bekkur

- Borðtennismót
- Foreldrahittingur í október

## 7. Bekkur:

- Fara saman í óvissuferð fyrri hluta nóvember
- (skautuferð til vara)
- Skemmtikvöld í janúar
- Páskabingó

## 8. Bekkur:

### J - bekkur

- Kvöldganga um fjörðinn í nóvember
- Kaffihúsakvöld
- Heiðmerkurferð, útileikir, varðeldur

### K - bekkur

- Keila í nóvember
- Kaffihúsakvöld í febrúar
- Leikir í Heiðmörk í byrjun maí

## 9. Bekkur:

- Árgangurinn saman í vasaljósagöngu, kakó og kleinur að lokinni göngu.
- Kaffihúsakvöld
- Spilavinir, útileikir

## 10. Bekkur:

- Fjáröflun fyrir vorferð
- Lazertag í haust
- Páskabingó